




Reykjavík, 25. ágúst 2026
USK25070224

Laugarnesvegur 52 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. september 2025 var lögð fram fyrirspurn Karelfá ehf., dags. 16. júní 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 52 við Laugarnesveg þannig að hún verði færð til fyrra horfs eins og hún var í upphaflegum lóðarleigusamningi frá árinu 1926.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Mæliblað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Laugarnesvegur 52 borgarhluta og er hluti af íbúðarsvæði. ÍB21.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Teigahverfi norðan Sundlaugavegar, samþykkt í borgarráði 7. nóvember 2013, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 52 við Laugarnesveg er verslunar- og íbúðarhúsnæði byggt árið 1927.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort að heimild fáið til þess að stækka lóðina, L104070, til fyrra horfs þ.e. 796 m².

Í deiliskipulagi er gerð grein fyrir „áorðnum lóðabreytingum“. Þar segir að lóðin að Laugarnesvegi minnki til suðvesturs eins og sýnt er á deiliskipulagsuppdraetti. Ekki er því hægt að fallast á það að stækka lóðina þannig að hún verði 796 m² enda er ekki gert ráð fyrir því í deiliskipulagi.

Bent er á að í deiliskipulagi er lóðin sýnd vera 444 m² en samkvæmt mæliblaði dags. 30. september 2021 er lóðin sýnd vera 452 m². Tilefni er til þess að skoða hvort að breyta þurfi deiliskipulagi þannig að stærð lóðarinnar sé í samræmi við mæliblað dags. 30. september 2021.



Reykjavík



Niðurstaða

- Neikvætt tekið í að stækka lóðina þannig að hún verði 796 m².

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík